

Föstudaginn 3. júlí 1998.

Nr. 273/1998.

Lögreglustjórinn í Reykjavík

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Sigurði Erni Ágústssyni

(Helgi Jóhannesson hrl.)

Kærumál. Farbann.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramirnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Haraldur Henryrsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 30. júní 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 1. júlí sama árs. Kærð er ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur 29. júní 1998 um að hafna kröfu sóknaraðila þess efnis, að varnaraðila verði bönnuð för úr landi, uns dómur gengur í máli hans, en þó eigi lengur en til 26. ágúst 1998 kl. 16.00. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi og krafa sín um bann við brottför varnaraðila úr landi verði tekin til greina.

Varnaraðili krefst þess, að ákvörðun héraðsdóms verði staðfest.

Varnaraðili satti gæsluvarðhaldi að kröfu sóknaraðila frá 10. mars 1998 til 29. apríl sama árs, en farbanni frá þeim tíma til 30. júní sl. vegna grunar um aðild að innflutningi á fíkniefnum í byrjun þessa árs. Sóknaraðili kveður málið verða sent til ákærvalds á næstu dögum til ákvörðunar um ákæru, þótt gögn frá lögreglu í Þýskalandi, sem beðið var eftir, hafi ekki enn borist. Fyrir Hæstarétti vísar sóknaraðili til umfangs málsins og þess, að farbann sé nauðsynlegt til þess að tryggja, að varnaraðili komi sér ekki undan málsókn með því að fara af landi brott.

Enda þótt sakargiftir á hendur varnaraðila séu alvarlegar, er mál þetta ekki umfangsmikið. Rannsókn þess hefur staðið frá byrjun mars á þessu ári. Varnaraðili mótmælti ekki farbannskröfu, sem sett var fram 29. apríl sl. Farbann er frelsissvipting, sem vegna ákvæða 67. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands má ekki standa lengur en nauðsyn krefur. Með tilliti til þessa verður ekki talið, að sóknaraðili

hafi sýnt fram á nauðsyn þess, að varnaraðila verði gert að sæta farbanni lengur en orðið er. Verður hin kærða ákvörðun því staðfest.

D ó m s o r ð:

Hin kærða ákvörðun er staðfest.

Ákvörðun Héraðsdóms Reykjavíkur 29. júní 1998.

Ár 1998, mánudag 29. júní, er dómþing Héraðsdóms Reykjavíkur háð í Dómhúsinu við Lækjartorg af Áslaugu Björgvinsdóttur dómarafulltrúa.

Tekið er fyrir mál nr. R-138/1998: Krafa lögreglustjórans í Reykjavík um, að Sigurði Erni Ágústssyni verði gert að sæta áfram farbanni.

Kl. 13.25 kemur í dóminn Kolbrún Sævarsdóttir, fulltrúi hjá lögreglustjóranum í Reykjavík, og leggur fram kröfu þess efnis, að Sigurði Erni Ágústssyni, kt. 150470-5019, Reykjavíkurvegi 44, Reykjavík, verði á grundvelli 110. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 bönnuð för frá Íslandi, uns dómur gengur í máli hans, en þó eigi lengur en til þriðjudags 26. ágúst 1998 kl. 16.00.

Krafan er þingmerkt nr. 1.

Rannsóknargögn málsins liggja frammi.

Kl. 13.40 kemur í dóminn kærði, Sigurður Örn Ágústsson, kt. 150470-5019, Reykjavíkurvegi 44, Reykjavík. Með honum kemur Valur Árnason hdl. vegna Helga Jóhannessonar hrl., skipaðs verjanda kærða.

Kærða er bent á, að honum sé óskyldt að svara spurningum, er varða brot það, sem honum er gefið að sök, sbr. 3. mgr. 32. gr. laga nr. 19/1991, og er kærði enn fremur áminntur um sannsögli, sbr. 1. mgr. 33. gr. sömu laga. Honum er jafnframt bent á, að honum sé heimilt að ráðfæra sig við verjanda, meðan á þinghaldi stendur, sbr. 3. mgr. 33. gr. laga nr. 19/1991.

Kærða er kynnt krafan á skj. nr. 1. Hann mótmælir því, að sér verði gert að sæta farbanni.

Um sakarefnið ítrekar kærði, að hann sé saklaus af innflutningi umrædds fíkniefnis.

Fulltrúi lögreglustjóra vísar í kröfugerð sína og ítrekar gerða kröfu.

Verjandi kærða ítrekar mótmæli hans gegn farbannskröfunni, en til vara krefst hann þess, að farbanninu verði markaður skemmri tími. Verjandinn rökstyður mál sitt nánar og segir m. a., að engir rannsóknarhagsmunir réttlæti það, að umbjóðandi sinn sæti farbanni, og enn fremur er því mótmælt, að það séu hagsmunir almennings, að hann sæti farbanni, enda séu skilyrði 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ekki uppfyllt. Loks bendir hann á, að kærði sé íslenskur ríkisborgari.

Kærði óskar eftir að tjá sig og gerir athugasemdir við nokkra þætti, sem koma fram í greinargerð lögreglu. Loks lýsir hann yfir því, að því fari fjarri, að hann ætli úr landi.

Fulltrúi lögreglustjóra segir misskilnings gæta í máli kærða og verjanda hans. Krafa lögreglu sé ekki reist á rannsóknarhagsmunum, heldur umfangi og alvarleika brotsins, með svipuðum hætti og kveðið sé á um í 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991. Nauðsyn beri til vegna almannahagsmuna, að kærði sæti áfram farbanni.

Verjandi kærða ítrekar mótmæli við farbannskröfunni og segir, að ætti að miða við almannahagsmuni, þyrfti enn fremur skilyrði 2. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 um sterkan grun að vera fullnægt, en því fari fjarri.

Í ljósi þess, að hvorki gögn málsins né aðstæður kærða gefa tilefni til að ætla, að hann hafi í hyggju að fara af landi brott, meðan máli hans er ólok- ið, þykir ekki nauðsyn til bera að banna honum brottför úr landi. Er því tekin eftirfarandi ákvörðun.

Á k v ö r ð u n :

Kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um, að kærða, Sigurði Erni Ágústssyni, verði bönnuð för úr landi, er hafnað.
